



//Á döfinni//

...:Leikhús:...

24. febrúar fara nemendur úr 1.-6. bekk á Ronju í Þjóðleihúsinu.



...:Starfsdagur:...

Miðvikudaginn 6. mars er starfsdagur kennara og nemendur í fríi.

...:Foreldradagur:...

Foreldrar/forráðamenn og nemendur eru boðaðir í viðtal til umsjónarkennara fimmtudaginn 7. mars. Farið verður yfir námsframvindu, hegðun og líðan nemenda. Tímasetningar og gátlistar fyrir viðtalið fara heim með nemendum þegar nær dregur.

Foreldrar/forráðamenn eru vinsamlegast beðnir að fylla út gátlistann ásamt börnunum og koma með í viðtalið. Aðrir kennarar verða á staðnum og tilbúnir til viðtals fyrir þá sem þess óska.

...:Starfskynning:...

6.-8. mars verða nemendur 10. bekkjar í starfskynningu og því ekki í skólanum.

...:Samræmd próf í 9. bekk:...

Samræmd próf í íslensku, stærðfræði og ensku verða dagana 11., 12. og 13. mars nk.



// Fréttir frá Laugalandsskóla //

...:Þorinn:...

Föstudaginn 25. janúar, á sjálfan Bóndadaginn var borinn fram þorramatur í skólanum. Allir nemendur og starfsfólk skólans komu saman í matsalnum þar sem þeir gengu að glæsilegu hlaðborði. Látið var vel af matnum og gengu allir saddir frá borðum.



Veitt voru verðlaun fyrir bestu þorrabotnana sem nemendur höfðu samið í vikunni. Þar er áhugavert að sjá hve nemendur hafa gaman af að semja botna enda margir góðir sem skiluðu sér inn. Hér fyrir neðan má sjá þá botna sem urðu fyrir valinu sem bestu botnarnir.



1.-4. bekkur

Þegar frostið í snjónum frjálsglega brestur frábært þeir telja að vera á skíðum því það er frábært að vera í hestum á fallega fáknum við ríðum.

Höfundur: Elísabet Líf, 4. bekk

Þorraprællinn 2019

Nú kalt er úti og kannski frost við klæðum okkur betur. Fáum okkur fararkost og ferðumst svo í vetur.

Höfundur: Kristján Árni, 9. bekk

5.-7. bekkur

Nú kalt er úti og kannski frost við klæðum okkur betur. Best er bara að fá sér ost og gleyma að það sé vetur.


Höf. Anna Ísey, 5. bekk



8.-10. bekkur

Við höldum í hefðir á þorra og hákarlinn étum súran. „Hrátt er kjötið“, ég heyri í Orra og hlustum á Duran Duran.

Höfundur: Agnes Friða, 9. bekk



Skondnasti botninn

Nú kalt er úti og kannski frost við klæðum okkur betur. Ég fer undir teppi ét fetaost og geri ekkert annað í vetur.

Höf. Árbjörg Sunna, 8. bekk



...:Skíðaferð:...:

Mánudaginn 4. febrúar skelltum við okkur á skíði í Bláfjöll. Við fórum með alla nemendur í 4. til 10. bekk. Veður var bjart og nánast logn. Færið var eins og best verður á kosið og krakkarnir höfðu val um nokkrar brautir. Við höfum sjaldan fengið annan eins dag og þennan á skíðum. Myndirnar tala sínu máli og það eru fleiri á heimasíðunni.



...: Laugalandsskóli 60 ára ...:

Í tilefni af 60 ára afmæli Laugalandsskóla gáfu Foreldrafélag Laugalandsskóla, Kvenfélagið Framtíðin, Kvenfélagið Eining og Kvenfélagið Lóa allan búnað fyrir nýjan frísbílgolfvöll sem settur verður upp á Laugalandi.

Gjöfin var afhent í afmælisveislunni sem haldin var þann 8. desember síðastliðinn.

Völlurinn verður settur upp með vorinu og mun hann þá nýstast nemendum og starfsfólki Laugalandsskóla og leikskólans á Laugalandi, íbúum sveitarfélaganna í kring, sem og gestum og gangandi. Við þökkum kvenfélögunum kærlega fyrir höfðinglega gjöf.



...: Þjóðleikur ...:

Að þessu sinni mun leiklistarvalið í Laugalandsskóla taka þátt í Þjóðleik. Þjóðleikur er leiklistarhátíð sem haldin er annað hvert ár að frumkvæði Þjóðleikhússins í samstarfi við aðila á landsbyggðinni. Þar er leikhópum ungs fólks á aldrinum 13 – 20 ára boðið að taka þátt og setja upp eitt af þremur til fjórum leikverkum sem samin hafa verið af þekktum íslenskum leikskáldum. Verkin eru sérstaklega samin fyrir unglinga í Þjóðleik og innihalda krefjandi og safaríka texta fyrir unga leikara.

Auk þess að fá í hendurnar skemmtileg verk eftir frábæra höfunda njóta leikhóparnir stuðnings fagaðila frá Þjóðleikhúsinu í formi námskeiða. Nemendum gefst t.a.m. kostur á að sækja tækninámskeið þar sem farið er í gegnum hönnun búninga, lýsingu og leikmynd.

Nemendur í leiklistarvali skólans eru þegar byrjaðir að æfa leikritið sem varð fyrir valinu, en stefnt er að því að frumsýna verkið um eða eftir páska. Dagsetning verður auglýst síðar. Í lok apríl lýkur svo verkefninu með leiklistarhátíð þar sem allir hóparnir sem taka þátt í Þjóðleik á Suðurlandi koma saman og sýna sín verk.

